

HVAÐ ER KRISTIN TRÚ?

UM KRISTNA TRÚ Í SÖGU OG SAMTÍÐ

Hvernig varð kristin trú til? Hver er Jesús, þessi sögulega persóna sem allt hverfist um og var tekinn af lífi í Jerúsalem? Hvernig stóð á því að hann varð Kristur í trúarjátningum kristninnar? Hvernig þróaðist kristin trú þegar horft er til trúarlegra athafna, skipulags og helgihalds? Hvernig var sambandi háttað við önnur samfélög á þeim slóðum þar sem kristin trú breiddist út? Hvernig birtist kristin trú á vorum dögum og hvað einkennir hana? Hvernig á kristin trú að vera?



Dómkirkjan og Neskirkja halda námskeið í haust þar sem reynt verður að svara spurningunni „Hvað er kristin trú?“. Kennt verður sjö fimmtudagskvöld frá kl. 18-20. Námskeiðið hefst 17. september og stendur út október. Einnig verður kennt einn laugardag frá kl. 10-14. Fræðslan fer bæði fram í Dómkirkjunni og í Neskirkju. Til hliðsjónar á námskeiðinu verður notuð bókin *Hvað er kristin trú? Um kristna trú í sögu og samtíð*, eftir Halvor Moxnes, prófessor við háskólann í Ósló. Moxnes er einn fremsti fræðimaður á sviði biblíufræða á Norðurlöndum. Hvert kvöld byrjar með sameiginlegri máltíð.



STAÐSETNING

NESKIRKJA

(FIMMTUDAGA)

DÓMKIRKJAN

(LAUGARDAGINN 17. OKT.)

HVENÆR

FIMMTUDAGSKVÖLD

KL. 18-20

KENningarAR

HJÁLMAR JÓNSSON

SIGURVIN L. JÓNSSON

SKÚLI S. ÓLAFSSON


SVEINN VALGEIRSSON

RÚNAR REYNISSON

DAGSKRÁ

LÉTTUR KVÖLDVERÐUR

FYRIRLESTUR



17. september

„Hvern segja menn mig vera?“ Frá Jesú sögunnar til Krists trúarinnar

Við veltum fyrir okkur hvað við getum vitað um aðalpersónu kristinnar trúar, Jesú, og sömuleiðis því hvernig trúin á hann varð til.

24. september

„Munið hvað hann sagði ykkur.“ Biblían: Texti og túlkun

Kristin trú byggir á ritningum. Við skoðum þær nánar og spyrjum hvernig skuli túlka þær.

1. október

„Faðir vor“ Guðsmynd og mannskilningur

Við skoðum hvernig tungumálið er notað í umfjöllun um Guð en það skiptir sköpum þegar við hugsum um sambandið milli guðs og manns.

8. október

„Fylg þú mér.“ Siðfræði og sjálfsmynd

Kristin siðfræði verður til umfjöllunar og það hvernig hún tengist kristnum mannskilningi þar sem manneskjan er sögð sköpuð í mynd Guðs.

15. október

„Hér er hvorki . . . karl né kona . . .“ Kristin trú og kynferði

Mál tengd kynferði og kynheigð hafa valdið átökum innan kirkjunnar. Þetta kvöld verður fjallað um þessa

spennu og hún sett í samband við sjálfsmynd kirkjunnar og stefnumót hennar við samtímann.

17. október (laugardagur)

„Heilög, almenn kirkja?“ Sýn og skipulag

Fjallað verður um spennuna sem ríkir á milli kristni sem hugsjónar og kirkju sem félagslegrar hreyfingar.

Guðspjónustan verður einnig til umfjöllunar og rætur hennar og uppbygging skoðuð. Hver er tilgangur guðspjónustu í kristinni kirkju, hvaða boðskap flytjum við og er hann óhagganlegur?

22. október

„Skapari jarðar.“ Kristin trú og stjórnmal

Fjallað verður um annars konar togstreitu sem ríkir á milli kirkju og samfélags, þar sem einkum er horft til hefða, valds og lýðræðis.

29. október

„Til endimarka jarðarinnar.“ Kristin trú í hnattvæddum heimi

Rætt verðu um hnattvæðinguna og framtíð kristinnar trúar. Einkum tvær áskoranir blasa þar við, annars vegar færast þyngdar-punktur kirkjunnar frá Vesturlöndum til annarra heimshluta, einkum í Afríku og S-Ameríku. Hins vegar skapa tengsl kristinnar við önnur trúarbrögð margvíslegan vanda.